

**REGLUGERÐ FRAMKVÆMDASTJÓRNARINNAR (EBE) nr. 4260/88****frá 16. desember 1988****um tilkynningar, kærur, umsóknir og skýrslur sem kveðið er á um í reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó**

FRAMKVÆMDASTJÓRN EVRÓPUBANDALAGANNA  
HEFUR,

með hliðsjón af stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu,

með hliðsjón af reglugerð ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 sem setur nákvæmar reglur um beitingu 85. og 86. gr. sáttmálans gagnvart flutningum á sjó <sup>(1)</sup>, einkum 26. gr.,

með hliðsjón af álitum ráðgjafarnefndarinnar um samninga og yfirburðastöðu á sviði flutninga á sjó,

*og að teknu tilliti til eftirfarandi:*

Samkvæmt 26. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 er framkvæmdastjórninni heimilt að samþykkja framkvæmdarákvæði um gildissvið tilkynningaskyldunnar samkvæmt 5. mgr. 5. gr., framsetningu, efni og önnur atriði kæra samkvæmt 10. gr., umsókna samkvæmt 12. gr. og skýrslna sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 23. gr. í þeirri reglugerð.

Skuldbindingin að tilkynna framkvæmdastjórninni um gerðardómsúrskurði og tilmæli sáttasemjara, sem kveðið er á um í 5. mgr. 5. gr. í reglugerð (EBE) nr. 4056/86, á við um lausn deilna sem varða þá starfshætti samsiglingakerfa sem um getur í 4. gr. og 2. og 3. mgr. 5. gr. í þeirri reglugerð. Það virðist við hæfi að þessi tilkynning verði eins einföld í framkvæmd og hægt er. Því er við hæfi að kveða á um skriflegar tilkynningar ásamt fylgiskjölum með texta viðkomandi úrskurða og tilmæli.

Kærur samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 geta auðveldað framkvæmdastjórninni að bregðast við brotum á 85. og 86. gr. sáttmálans á sviði flutninga á sjó. Það virðist við hæfi að framlagning á kærum verði eins einföld í fram-

kvæmd og hægt er. Því er við hæfi að kveða á um að kærur verði lagðar fram skriflega í einu eintaki og framleggjendum kæra eftirlátið að ákveða framsetningu, efni og önnur atriði.

Það getur haft mikilvæga lagalega þýðingu fyrir sérhvert fyrirtæki sem á aðild að samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð að leggja fram umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86. Hvert fyrirtæki á því rétt á því að leggja slíka umsókn fyrir framkvæmdastjórnina. Notfæri fyrirtæki sér þennan rétt skal það hins vegar tilkynna það öðrum fyrirtækjum sem eiga aðild að samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð svo að þau geti gætt hagsmuna sinna.

Það kemur í hlut fyrirtækja og samtaka fyrirtækja að greina framkvæmdastjórninni frá forsendum fyrir umsókn sem lögð er fram samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

Æskilegt er, í þágu allra hlutaðeigandi aðila, að mæla svo fyrir að umsóknareyðublöð verði notuð til þess að einfalda og flyta fyrir umfjöllun um þær af hálfu þar til bærra stofnana.

Í flestum tilvikum mun framkvæmdastjórnin, meðan á skýrslugjöf þeirri stendur sem kveðið er á um í 1. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, þegar vera í nánú sambandi við hlutaðeigandi fyrirtæki eða samtök fyrirtækja og þeim mun því kleift að láta í ljós álit sitt á þeim andmælum sem sett eru fram gegn þeim.

Samkvæmt 1. og 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 og með varnarrétti verða hlutaðeigandi fyrirtæki og samtök fyrirtækja að eiga rétt á því við lok skýrslugjafar að leggja fram athugasemdir sínar um öll þau andmæli

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 378, 31. 12. 86, bls. 4.

sem sett eru fram gegn þeim og framkvæmdastjórnin hyggst fjalla um í ákvörðun sinni.

Aðilar aðrir en fyrirtækin og samtök fyrirtækja sem hlut eiga að máli kunna að sækjast eftir því að gefa skýrslu. Samkvæmt öðrum málslið 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 skal veita þessum aðilum tækifæri til að skýra mál sitt ef þeir fara fram á það og sýna fram á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta.

Æskilegt er að þeir sem hafa lagt fram kæru í samræmi við 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 eigi þess kost að leggja fram athugasemdir sínar telji framkvæmdastjórnin að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum sé ekki næg ástæða til að hafast að.

Þeir aðilar sem hafa rétt til að leggja fram athugasemdir skulu gera það skriflega, bæði í eigin þágu og í þágu góðrar stjórnisýslu, án þess þó að munnlegur vitnisburður sé útilokaður, þar sem hann er við hæfi, til viðbótar skriflegum vitnisburði.

Nauðsynlegt er að skilgreina réttindi þeirra sem gefa eiga skýrslu einkum með hvaða skilyrðum aðrir mega flytja mál þeirra eða veita þeim aðstoð og hvernig frestir eru reiknaðir og ákveðnir.

Ráðgjafarnefndin um samkeppnishömlur og yfirburðastöðu á sviði flutninga á sjó leggur fram álit sitt á grundvelli fyrstu draga að ákvörðun. Því verður að hafa samráð við hana um mál eftir að rannsókn þess lýkur. Slíkt samráð kemur ekki í veg fyrir að framkvæmdastjórnin geti hafið aftur rannsókn ef þörf krefur.

SAMÞYKKT REGLUGERÐ ÞESSA:

#### I. ÞÁTTUR

### TILKYNNINGAR, KÆRUR OG UMSÓKNIR

#### 1. gr.

#### Tilkynningar

1. Tilkynna skal framkvæmdastjórninni um gerðardómsúrskurði og tilmæli sáttasemjara þegar þau snerta lausn deilna er varða þá starfshætti samsiglingakerfa sem fjallað er um í 4. gr. og 2. og 3. mgr. 5. gr. í reglugerð (EBE) nr. 4056/86.

2. Tilkynningaskyldan gildir um sérhvern aðila að deilu sem leyst er með úrskurði eða tilmælum.

3. Tilkynningar skulu sendar þegar í stað í ábyrgðarbréfi gegn móttökukvittun eða boðsendar gegn móttökukvittun. Þær skulu ritaðar á einu af opinberum tungumálum bandalagsins.

Fylgiskjöl skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit. Afrit verða að vera staðfest afrit frumrits. Þau skulu lögð fram á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagsins skal þýðing á einu af opinberum tungumálum bandalagsins fylgja.

4. Þegar fulltrúar fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar tilkynningar, skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

#### 2. gr.

#### Kæurur

1. Kæurur samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 skulu lagðar fram skriflega á einu af opinberum tungumálum bandalagsins og framleggjendum kæru eftirlátið að ákveða framsetningu, efni og önnur atriði.

2. Þessir aðilar geta lagt fram kæru:

a) aðildarríki

b) einstaklingar eða lögpersónur sem eiga lögmætra hagsmuna að gæta.

3. Þegar fulltrúar fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna undirrita slíkar kæurur, skulu þeir leggja fram skriflegt umboð.

#### 3. gr.

#### Aðilar sem rétt hafa til að leggja fram umsóknir

1. Fyrirtæki sem á aðild að samningum, ákvörðunum eða samstilltum aðgerðum af þeirri gerð sem lýst er í 1. mgr. 85. gr. sáttmálans getur lagt fram umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86. Sé umsóknin lögð fram í nafni sumra en ekki allra hlutaðeigandi fyrirtækja skal hinum tilkynnt þar um.

2. Sé umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 undirrituð af fulltrúum fyrirtækja, samtaka fyrirtækja, einstaklinga eða lögpersóna skulu þeir fulltrúar leggja fram skriflegt umboð.

3. Sé lögð fram sameiginleg umsókn skal sameiginlegur fulltrúi tilnefndur.

## 4. gr.

**Umsóknir lagðar fram**

1. Umsóknir samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 skulu lagðar fram á eyðublaði MAR sem sýnt er í I. viðauka.
2. Nokkur samstarfsfyrirtæki geta lagt fram umsókn á einu eyðublaði.
3. Í umsóknirnar skal skrá þær upplýsingar sem um er beðið.
4. Fjórtán eintök af hverri umsókn og af fylgiskjölum skulu send framkvæmdastjórninni.
5. Fylgiskjölín skulu annaðhvort vera frumrit eða afrit. Afrit skulu vera staðfest afrit frumrits.
6. Umsóknir skulu vera á einu af opinberum tungumálum bandalagsins. Fylgiskjölín skulu vera á frummálinu. Sé frummálið ekki eitt af opinberum tungumálum bandalagsins skal þýðing á einu af opinberum tungumálum bandalagsins fylgja.
7. Skiladagur umsóknarinnar skal vera sá dagur þegar framkvæmdastjórnin veitir henni viðtöku. Sé umsóknin hins vegar send með ábyrgðarpósti skal hún teljast móttækin þann dag sem pósthimpill á sendingarstað sýnir.
8. Falli umsókn sem lögð er fram samkvæmt 12. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86 ekki undir reglugerðina skal framkvæmdastjórnin tafarlaust tilkynna umsækjanda að hún hyggist fjalla um umsóknina á grundvelli ákvæða annarrar reglugerðar sem gilda kann um málið; skiladagur umsóknarinnar telst samt sá dagur sem af 7. mgr. leiðir. Framkvæmdastjórnin greinir umsækjanda frá forsendum sínum og gefur honum frest til að leggja fram skriflega athugasemdir áður en hún fjallar um málið á grundvelli ákvæða hinnar reglugerðarinnar.

## II. ÞÁTTUR

**SKÝRSLUR**

## 5. gr.

Áður en framkvæmdastjórnin hefur samráð við ráðgjafarnefndina um samninga og yfirburðastöðu á sviði flutninga á sjó ber henni að efna til skýrslugjafar samkvæmt 1. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86.

## 6. gr.

1. Framkvæmdastjórnin tilkynnir fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja skriflega um þau andmæli sem sett hafa

verið fram gegn þeim. Tilkynningin skal stíluð á hvert þeirra eða sameiginlegan umboðsmann sem þau hafa tilnefnt.

2. Framkvæmdastjórninni er heimilt að birta tilkynningu til aðila í *Stjórnartíðindum Evrópubandalagsins*, ef slíkt verður talið við hæfi að teknu tilliti til málsástæðna, einkum ef birta ber mörgum fyrirtækjum tilkynninguna og enginn sameiginlegur umboðsmaður hefur verið tilnefndur. Við birtingu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndarmál sín.

3. Sekt eða févíti má því aðeins leggja á fyrirtæki eða samtök fyrirtækja að tilkynnt hafi verið um andmælin með þeim hætti sem kveðið er á um í 1. mgr.

4. Þegar framkvæmdastjórnin tilkynnir um andmæli skal hún gefa fyrirtækjunum eða samtökum fyrirtækja frest til að kynna henni sjónarmið sín.

## 7. gr.

1. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja skulu, innan þess frests sem veittur er, láta skriflega í ljós afstöðu sína til þeirra andmæla sem sett eru fram gegn þeim.

2. Í skriflegum athugasemdum er þeim heimilt að nefna hverjar þær málsbætur sem máli skipta.

3. Þau mega senda með öll þau skjöl sem máli skipta til staðfestingar máli sínu. Þau mega einnig leggja til við framkvæmdastjórnina að vitni verði kölluð til að færa sönnur á mál þeirra.

## 8. gr.

Í ákvörðun sinni skal framkvæmdastjórnin einvörðungu fjalla um þau andmæli, sem sett hafa verið fram gegn fyrirtækjum og samtökum fyrirtækja, og þeim hefur verið gefið tækifæri til að tjá sig um.

## 9. gr.

Ef einstaklingar eða lögpersónur, sem sýna fram á að þær eigi nægilegra hagsmuna að gæta, sækja um að fá að skýra mál sitt samkvæmt 2. mgr. 23. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, skal framkvæmdastjórnin gefa þeim tækifæri til að kynna sjónarmið sín skriflega innan frests sem hún ákveður.

*10. gr.*

Telji framkvæmdastjórnin, að fenginni kæru samkvæmt 10. gr. reglugerðar (EBE) nr. 4056/86, að á grundvelli þeirra upplýsinga sem hún hefur undir höndum sé ekki næg ástæða til að aðhafast í kærumálinu skal hún tilkynna þeim er kær-una lögðu fram um ástæður sínar og veita þeim frest til að leggja fram hugsanlegar athugasemdir skriflega.

*11. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin skal veita þeim sem þess óska í skriflegum athugasemdum sínum tækifæri til að flytja mál sitt munnlega ef þessir aðilar færa sönnur á að þeir eigi nægilegra hagsmuna að gæta eða ef framkvæmdastjórnin hyggst beita þá sektum eða féviti.

2. Með sama hætti getur framkvæmdastjórnin veitt hverjum sem er tækifæri til að skýra frá sjónarmiðum sínum munnlega.

*12. gr.*

1. Framkvæmdastjórnin stefnir á sinn fund þeim sem gefa eiga skýrslu á þeim degi sem hún tilnefnir.

2. Hún skal þegar senda eintak af stefnunni til lögbærra yfirvalda í aðildarríkjunum og geta þau tilnefnt embættis- mann er verði viðstaddur skýrslugjöfina.

*13. gr.*

1. Skýrslugjöfnum skal stýrt af einstaklingum sem framkvæmdastjórnin tilnefnir í því skyni.

2. Aðilar sem stefnt er til að mæta skulu koma sjálfir eða senda réttargæslumenn eða fulltrúa er heimild hafa samkvæmt stofnsamþykktum. Fyrirtæki og samtök fyrirtækja geta þess utan sent fullgildan umboðsmann sinn sem valinn hefur verið úr föstu starfslíði þeirra.

Aðilar sem gefa skýrslu fyrir framkvæmdastjórninni geta notið aðstoðar lögmanna eða háskólakennara sem heimild hafa til að flytja mál fyrir dómstól Evrópubandalagsins samkvæmt 17. gr. í bókun við stofnsamþykkt dómstólsins, eða annarra hæfra aðila.

Reglugerð þessi er bindandi í heild sinni og gildir í öllum aðildarríkjunum án frekari lögfestingar.

Gjört í Brussel 16. desember 1988.

3. Skýrslugjöfin er ekki opinber. Skýrsla skal tekin af hverjum fyrir sig eða í áheyrn annarra sem stefnt hefur verið til að mæta. Í síðara tilvikinu skal taka tillit til réttmætra hagsmuna fyrirtækja sem vilja varðveita viðskiptaleyndar- mál sín.

4. Helstu atriði úr framburði hvers aðila skulu skráð í gerðabók og skal hann staðfesta þau eftir yfirlestur.

*14. gr.*

Með fyrirvara um ákvæði 2. mgr. 6. gr. skulu upplýsing- ar og stefnur framkvæmdastjórnarinnar sendar til viðtak- enda með ábyrgðarpósti gegn móttökuvittun eða boðsend- ar gegn móttökuvittun.

*15. gr.*

1. Þegar framkvæmdastjórnin ákveður þann frest sem um getur í 8. mgr. 4. gr., 6. gr., 9. gr. og 10. gr. skal hún í senn taka tillit til tímans sem þarf til semja athugasemdir og þess hve brýnt málið er. Fresturinn skal eigi vera skemmri en tvær vikur; heimilt er að framlengja hann.

2. Fresturinn telst hefjast degi eftir að tilkynningu er veitt viðtaka eða hún afhent af sendiboða.

3. Skriflegar athugasemdir verða að berast framkvæmdastjórninni eða vera sendar af stað í ábyrgðarpósti áður en fresturinn rennur út. Renni fresturinn út á sunnu- degi eða almennum frídegi skal hann framlengdur til loka næsta vinnudags. Við ákvörðun á framlengingu skulu al- mennir frídagar vera svo sem upp er talið í II. viðauka við þessa reglugerð þegar þeir falla saman við móttökudag skriflegra athugasemda; falli þeir saman við þann dag sem athugasemdirnar eru sendar skulu þeir vera svo sem mælt er fyrir um í lögum þess lands þaðan sem athugasemdirnar eru sendar.

*16. gr.*

Reglugerð þessi öðlast gildi degi eftir að hún birtist í *Stjórn- artíðindum Evrópubandalagsins*.

*Fyrir hönd framkvæmdastjórnarinnar,*

Peter SUTHERLAND

*framkvæmdastjóri.*

## I. VIÐAUKI

Þessu eyðublaði verður að fylgja viðauki með upplýsingunum sem eru tilgreindar í meðfylgjandi skýringum <sup>(1)</sup>.

Eyðublaðið og viðaukann ber að afhenda í fjórtán eintökum (tvö eru fyrir framkvæmdastjórnina og eitt fyrir hvert aðildarríki). Alla samninga sem málið varða ber að afhenda í þremur eintökum og önnur fylgiskjöl í einu eintaki.

Munið eftir að fylla út eyðublaðið um staðfestingu á móttöku sem er að finna aftar.

Ef ekki kemst allt fyrir á þeim eyðublöðum sem með fylgja má nota viðbótarblöð með því að auðkenna á þeim hvaða atriðum þau tengjast.

EYÐUBLAÐ MAR

## TIL FRAMKVÆMDASTJÓRNAR EVRÓPUBANDALAGSINS

Aðalskrifstofa samkeppnismála  
Rue de la Loi 200  
B-1049 Bruxelles

Umsókn samkvæmt 12. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 frá 22. desember 1986 um að samþykkt verði ákvörðun samkvæmt 3. mgr. 85. gr. stofnsáttmála Efnahagsbandalags Evrópu.

## Upplýsingar um aðila

1. *Upplýsingar um umsækjanda*

Fullt nafn, heimilisfang, síma-, fjarrita- og bréfsímanúmer ásamt stuttri lýsingu á fyrirtækinu (-tækjunum) eða samtökum fyrirtækja sem leggja fram umsóknina.

Fyrir sameignarfélög, einstaklingsfyrirtæki eða önnur fyrirtæki, sem ekki hafa sjálfstæða réttarstöðu og eru ekki starfrækt undir nafni eiganda, skal einnig gefa upp fullt nafn og heimilisfang eigenda eða hluthafa.

Sé umsókn lögð fram fyrir hönd annars aðila (eða lögð fram af fleiri en einum aðila) verður að gefa upp nafn, heimilisfang og stöðu fulltrúans (eða sameiginlegs fulltrúa) ásamt vottorði til sönnunar á umboði hans. Sé umsókn eða tilkynning lögð fram fyrir hönd fleiri en eins aðila skal tilnefna sameiginlegan fulltrúa. (2. og 3. mgr. 3. gr. reglugerðar framkvæmdastjórnarinnar (EBE) nr. 4260/88.)

<sup>(1)</sup> Stjtið. EB nr. L 376, 31. 12. 1988, bls. 19.

## 2. Upplýsingar um aðra aðila

Fullt nafn og heimilisfang ásamt stuttri lýsingu á öðrum sem eiga aðild að samningi, ákvörðun eða samstilltri aðgerð (hédan í frá nefnt einu nafni „samkomulagið“).

Tilgreinið hér með hvaða hætti hinum aðilum samkomulagsins var tilkynnt um umsóknina.

(Ekki er nauðsynlegt að veita þessar upplýsingar þegar um er að ræða staðlaða samninga sem fyrirtækið er leggur fram umsókn hefur gert eða hyggst gera við marga aðila.)

Markmiðið með umsókninni  
(sjá skýringar)

*(Vinsamlegast svarið spurningunni með já eða nei)*

Er fullnægjandi að fá staðlað svarbréf? (sjá lok VII. þáttar í skýringunum)

Undirritaðir lýsa því hér með yfir að þær upplýsingar sem veittar eru hér að framan og á ... hjálögðum síðum eru í öllum atriðum réttar samkvæmt bestu vitneskju, allar áætlanir eru merktar sem slíkar og gerðar samkvæmt bestu vitneskju á raunhæfum forsendum og allar skoðanir eru settar fram í góðri trú. Undirritaðir hafa jafnframt kynnt sér ákvæði a-liðar 1. mgr. 19. gr. reglugerðar ráðsins (EBE) nr. 4056/86 (sjá meðfylgjandi skýringar).

Staður og dagsetning .....

Undirskriftir: .....

.....

.....

Vinsamlegast skrifðu ekki út á spásstuna

**FRAMKVÆMDASTJÓRN  
EVRÓPUBANDALAGANNA**

Brussel .....

Aðalskrifstofa samkeppnismála

Til

**MÓTTÖKUKVITTUN**

(Þetta eyðublað verður endursent á heimilisfangið sem er tilgreint hér að ofan hafi umsækjandinn útfyllt efri hlutann í einu eintaki.)

Umsókn dagsett: .....

.....

varðandi: .....

Tilvísun: .....

Aðilar:

1. ....

2. .... ásamt öðrum

(Engin þörf er á að tilgreina önnur fyrirtæki sem eiga aðild að samkomulaginu.)

(Útfyllist af framkvæmdastjórninni)

var móttekið þann .....

og skráð undir nr. IV/MAR/ .....

Vinsamlegast notið framangreint númer í öllum samskiptum.

*Bráðabirgðaheimilisfang:*

Rue de la Loi 200

B-1049 Bruxelles.

*Sími:*

Bein lína: 235 ...

Skiptiborð: 235 11 11

*Fjarriti:*

COMEU B 21877

*Símnefni:*

COMEUR Bruxelles



*II. VIÐAUKI*

(Skrá yfir lögboðna frídaga)

Nýársdagur	1. janúar
Föstudagurinn langi	
Laugardagur fyrir páska	
Annar dagur páska	
Verkalýðsdagurinn	1. maí
Dagur Schuman-áætlunarinnar	9. maí
Uppstigningardagur	
Annar dagur hvítasunnu	
Þjóðhátíðardagur Belga	21. júlí
Maríumessa hin fyrri	15. ágúst
Allraheilagramessa	1. nóvember
Allrasálmamessa	2. nóvember
Aðfangadagur jóla	24. desember
Jóladagur	25. desember
Annar dagur jóla	26. desember
Gamlaársdagur	31. desember

---